


KOLBRÚN FRÍÐRIKSDÓTTIR

Gerum kröfur!

Erindi á málrættarþingi Íslenskrar málnefndar og MS undir merkjum dags íslenskrar tungu 2005. Efnið var íslensk málstefna og starfsemi Íslenskrar málnefndar. Auk Kolbrúnar fluttu þar erindi Guðrún Kvaran, Jóhann G. Jóhannsson, Kristín Ingólfssdóttir og Örnólfur Thorsson. –Ritstj.

Inngangur

„Gerðu kröfur!“ heyrir úr öllum áttum. Þetta er slagorð nútímans – alls staðar blasir það við okkur í samfélaginu.



„Gerðu kröfur!“ er sagt við unga fólkið í bankaauglýsingu þessa dagana – þar sem eitt og annað ku vera í boði fyrir kröfuharða viðskiptavini. Og það er ekki bara í bankaauglýsingunum:

- „Gerðu kröfur um góðan nætursvefn og fáðu þér vandað rúm!“
- „Gerðu kröfur á heimili þínu – fáðu þér vonduð húsgögn!“
- „Gerðu kröfur um gæði þegar þú færð þér bíl!“
- „Er þér sama um útlitið? Gerðu kröfur og skelltu þér í líkamsrækt!“

Þetta er andi auglýsinganna sem tala til okkar hvern einasta dag. Við eigum sem sagt að gera kröfur um allt milli himins og jarðar. Og við gerum það, á einn eða annan hátt, og á einhverjum sviðum.

Hvað með tungumálið?

Því skyldum við ekki líka gera kröfur þegar kemur að notkun tungumálsins? Um vandvirkni í umgengni okkar við málið og að börnin okkar temji sér gott og ríkt mál – gera kröfur til okkar um góða og vandaða málnotkun. Við eigum ekki síður, og raunar miklu frekar, að gera kröfur á þeim vettvangi.

Tungumálið er tæki, umfram allt tæki til tjáningar. Þetta tæki er afar dýrmætt og með því að ráða yfir því, og kunna vel á það, öðlast málhafar eftirsóknarverða færni. Ekki þarf að hafa mörg orð um það að sú manneskja, sem hefur gott vald á tungumáli sínu, íslensku eða hvaða tungumáli sem vera skal, býr yfir miklum styrk. Með því að ráða yfir auðugu máli er henni fært að tjá hug sinn auðveldlega, í ræðu eða riti, hún er fær um að koma skoðun sinni á framfæri á áhrifameiri og skýrari hátt en ef hún byggir yfir fátæklegu og blæbrigðalausum máli.

Það eru einkum tveir hópar málhafa sem mig langar að nefna sérstaklega hér, það eru annars vegar börn og unglingar og hins vegar þeir sem hafa íslensku sem annað mál. En Íslensk málnefnd hefur m.a. talið brýnt að lögð sé rækt við þessa tvo hópa.

Vandað máluppeldi – efla þarf íslenskukennslu

Mjög margt hefur verið vel gert í málefnum barna og unglunga og áfram verður haldið á þeirri braut. Næg verkefni eru fram undan – en þessi hópur málnotenda er gríðarlega mikilvægur í málræktarstarfinu. Okkur ber skylda til að leiða börnum okkar og unglingum, fólki framtíðarinnar, fyrir sjónir hvað þau hafa dýrmætt tæki í höndunum – að sýna þeim fram á mikilvægi þess að ná góðum tókum á málinu og að fara vel með það.

Vandvirkni er yfirleitt talin til dyggða – og hún á sannarlega líka við um notkun tungumálsins. Það er mikilvægt að vanda máluppeldi barnanna eins og annað uppeldi og því þarf að sinna vel bæði heima og í skólum. Börnum og unglingum er kennt að vanda alla sína vinnu og til þess er ætlast að þau nái góðum tókum á námsefni sínu almennt. Það sama á auðvitað að gilda um íslensku og notkun hennar, þar ber líka að vanda sig, temja sér metnað til að gera vel, og leggja þarf áherslu á að börn og unglingar þrói með sér góða mál færni. Með því móti leggjum við okkar af mörkum til að auka með þeim styrk og sjálfstraust. Ekki er ástæða til að kasta til höndum í umgengni við eigið tungumál frekar en annað sem að okkur snýr.

Öflug íslenskukennsla barna og unglunga getur skipt sköpum. Undanfarið hefur allnokkuð verið rætt í fjölmiðlum um mikilvægi góðrar íslenskukunnáttu og gildi hennar í öllu námi: að lestur, lesskilningur og góð færni í tungumálinu sé grundvallarforsenda góðs árangurs í öllu öðru námi í framtíðinni, má þá t.d. vísa til rannsókna Júlíusar K. Björnssonar hjá Námsmatsstofnun í því sambandi.

Margir hafa vitnað í orð Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta, á Hólahátíð síðastliðið sumar þar sem hún sagði m.a. að kenna þyrfti börnum með markvissum hætti orðatiltæki og málshætti. Undir þetta tek ég heilshugar því slík kennsla eykur með börnum blæbrigðaríkt mál, gerir þeim betur fært að tjá sig og eflir skilning þeirra á tungunni. Við höfum auðvitað séð skemmtileg dæmi um slíka fræðslu á fernum Mjólkursamsölnunna sem gefur kærkomið tækifæri til uppbyggilegra umræðna og kennslu heima fyrir. Það er líka gaman að geta sagt frá því hér að sums staðar fer fram markviss kennsla orðatiltækja og málshátta í skólunum. Ég get nefnt dæmi úr skóla í Hafnarfirði þar sem ég þekki til. Strax frá upphafi skólagöngu er nemendum gert að læra einn málshátt eða orðatiltæki á viku, allan veturinn, og þeir þurfa að standa skil á því og

hafa merkinguna á takteinum hvern mánudag. Þetta hefur svo sannarlega borið tilætlaðan árangur að mínum dómi og heyra má ung börn í Firðinum skreyta mál sitt þegar mikið liggur við: „Oh, það ríður nú bara ekki við einteyming hvað hann er mikið hrekkjusvín, drengurinn. Hann verður sko látinn finna til tevatnsins, þótt síðar verði. Sannaðu til!“

Vafalaust eru svo skemmtilegar leiðir til íslenskukennslu víða nýttar í skólakerfinu og ég hef fulla trú á að þær skili árangri. Það læra börnin sem fyrir þeim er haft – þau eru næm og ótrúlega fljót að tileinka sér nýja hluti – og þá eiginleika þeirra eigum við að nýta til að kenna þeim auðugt og vandað mál. Og við eigum ekki bara að benda á skólana og gera kröfur til þeirra í þessu sambandi því við fullorðna fólkið höfum líka skyldum að gegna heima fyrir að auka með börnum okkar og unglingum blæbrigðaríkt mál. Þannig ýtum við undir hæfni þeirra til tjáningar í ræðu og riti.

Námskrá í íslensku er nú í endurskoðun og þess er að óska að íslenskri tungu verði þar gert hátt undir höfði sem aldrei fyrr. Eitt langar mig að nefna í því sambandi. Grunnskólar hafa í vaxandi mæli tekið að sér það hlutverk að vera sk. *forystuskólar*, eða *móðurskólar*, sem þýðir að þeir eru frumkvöðlar á ákveðnu sviði skólastarfs. Dæmi um þetta eru t.a.m. *móðurskóli í þróun kennsluhátta*; *móðurskóli list- og verkgreina*; *móðurskóli í leikrænni tjáningu* o.s.frv. Það væri gleðilegt ef yfirvöld einhverra skóla tækju íslenskt mál upp á sína arma og hefðu forystu um að gera veg þess sem mestan.

Öflugla íslenskukennslu fyrir alla

Íslensk málnefnd telur brýnt að leggja rækt við þá sem hafa íslensku sem annað mál en sá hópur er líka afar mikilvægur í málræktarstarfinu. Á þeim vettvangi þarf að gera miklu betur og við verðum að gera kröfur um öflugan stuðning til handa þessum hópi. Það er hagur allra sem í landinu búa – bæði þeirra sem hafa íslensku sem móðurmál og þeirra sem hafa hana sem annað mál – að lögð sé rækt við þennan hóp og að hann verði studdur með ráðum og dáð við að ná tökum á íslensku.

Ég nýt þeirra forréttinda sjálf að kenna fólki með íslensku sem annað mál, áhugasömu fólki sem leggur hart að sér við að ná góðum tökum á íslensku máli. Það fólk gerir sannarlega kröfur til sín, svo mikið er víst. Þessum hópi þarf að sinna og gera það af alúð. Brýnt er að stjórnvöld og fyrirtæki taki hér höndum saman og geri öllum kleift að stunda öflugt íslenskunám, það munu allir njóta góðs af því. Jafnframt er þörf á að auka skilning á mikilvægi sérhæfðrar kennaramenntunar á þessu sviði.

Mér hefur orðið tíðrætt hér um mikilvægi þess að gera kröfur um góða og vandaða málnotkun. Og sú krafa getur í mínum huga bæði átt við um þá sem hafa íslensku sem fyrsta og annað mál. Þar sem ég þekki til gerir fólk með íslensku sem annað mál einmitt mjög miklar kröfur til sín um góða og vandaða málnotkun og er tilbúið að leggja á sig mikla vinnu til að ná góðri færni í málinu. En aukinn stuðningur er forsenda þess að vel takist til.

Því miður er margt sem bendir til þess að við útilokum á vissan hátt fólk með íslensku sem annað mál, hleypum því ekki inn í íslenskt málsamfélag ef svo má að orði komast. Þar er skortur á skilningi helsti þröskuldurinn og nauðsynlegt er að hvetja til umburðarlyndis í þjóðfélaginu í garð þeirra sem tala íslensku á annan hátt en við höfum hingað til átt að venjast. Efla þarf skilning á því að íslensk tunga geti haft ólíkar birtingarmyndir.

Lokaorð

Ég hef stundum heyrt því fleygt að það séu bara óhamingjusamir sérvitringar og nöldurseggir sem hafi áhuga á íslenskri málrækt og málvernd! En svo er nú ekki. Meirihluti málhafa lætur sig íslenskt mál varða og sér gildi þess að vanda þar vel til verka. Hitt er svo annað mál að tónninn í umræðum um íslenska málrækt hefur stundum verið með neikvæðum blæ – og er það miður. Skoðanir verða vafalaust alltaf skiptar á því hvernig beri að vinna að málræktarstarfinu en mikilvægt er í mínum huga að það sé gert á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og án umvöndunar- og skammartóns eins og stundum hefur borið við. Sá tónn á ekki við og skilar engu.

Það er ekki sjálfgefið að tungumál haldist lifandi, eins og dæmin sanna. Við, notendur íslenskrar tungu, berum ríka ábyrgð – við eigum að vera stolt af tungu okkar sem svo fáir tala og við eigum að umgangast hana af virðingu og vanda okkur.

Gerum kröfur!